

Kæru foreldrar

Hér má finna yfirlit yfir veturinn og aðrar gagnlegar upplýsingar varðandi leikskólastarfið. Nýir starfsmenn hafa slegist í hópinn okkar, Aldís Guðrún sem leikskóla leiðbeinandi, Ania sem matráður og Magnús skólastjóri, við bjóðum þau öll velkomin til starfa og hlökkum til vetrarins með þeim. Okkar markmið á Krílabæ er að láta börnunum líða vel, hafa gaman og kenna þeim sjálfbærni, virðingu og nám í leik. Ætlum að gera veturinn skemmtilegan og áhugaverðan.



Jákvæður agi

Langar að byrja á að segja frá stefnu leikskólans og grunnskólans. Í um það bil ár höfum við verið að innleiða Jákvæðan aga og hefur það gengið vel. Þessi stefna bætir starfið og umhverfið sem við erum að reyna byggja upp í leikskólnum.

Jákvæður agi (e. Positive Discipline) er byggt á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Meginreglur jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna og við notum umbun í formi hvatningar

Sérstakir dagar fram að jólum

Við ætlum að vera með „spes“ dag einu sinni í mánuði þar sem börn og starfsmenn leikskólans mæta til dæmis í náttfötum, með uppáhalds bangsann sinn og slíkt. Einnig má hlakka til dags íslenskrar tungu, 1. des hátíðarinnar og litlu jólanna. Við munum gefa frekari upplýsingar þegar nær dregur.

- 25. september – Náttfatadagur
- 31. október – Búningadagur
- 23. nóvember – Bangsadagur
- 10. desember – Leikfangadagur



Námsmarkmið leikskólans

Okkar markmið er að kenna börnunum vináttu, sjálfstæði, góðvild og virðingu gagnvart hlutum og fólki. Við erum reglulega með kennslustundir, söngstundir og föndur. Við vonumst til þess að í enda ársins verða stóru börnin dugleg að skrifa nafnið sitt, þekkja bókstafi og tölur, yngri börnin eru að læra grófhreyfingar og ný orð, þegar grófhreyfingarnar verða góðar er svo hægt að stuðla að fínhreyfingum í gegnum föndur og leik. Börnin hafa mikið frjálst val í frjálsum leik og daglegu starfi leikskólans með okkar leiðbeiningu.

Foreldraviðtöl

Ekki hafa verið regluleg foreldra viðtöl undanfarin ár en við ætlum að breyta því. Það verður búið til matsblað sem er viðeigandi þroska hvers barns svo þú getir séð hvernig barnið þitt stendur, foreldraviðtöl eru einnig gott tækifæri fyrir foreldra til þess að spyrja spurninga og tala

frekar við starfsmenn leikskólans. Foreldraviðtölin munu fara fram í janúar 2019. Fleiri upplýsingar verða gefnar þegar nær dregur að deginum.

Fatnaður

Mikilvægt er að börnin séu með viðeigandi fatnað í leikskólanum, gott er að hafa tösku með aukafatnaði og útifatnaði sem er viðeigandi við öll veður. Við förum út allt að þrisvar á dag og í vetur þegar byrjar að kolna og blotna þá er hentugt að vera með allt til handa. Veðrið á Íslandi er mjög óviðraðanlegt og getur allt gerst, þótt það sé sól og gott veður að morgni gerist oft að það versni með deginum. Ekki er alltaf áreiðanlegt að horfa á veðurfréttir vegna breytileika veðursins.

Veikindi og leyfi

Gott er að vita um slík forföll barnanna og biðjum við um að það sé haft samband við okkur í gegnum síma leikskólans eða tölvupóstinn hjá mér (Töru) eða Aldísi, þær upplýsingar er hægt að finna neðst á þessu bréfi. Vegna fjölda starfsmanna og dagskipulagi okkar er erfitt að veita innileyfi vegna veikinda þegar útivera er, ráðlagt er að hafa barn heima í einn dag án hita eða veikinda svo hægt sé að njóta dagsins til fulls í leikskólanum.

Vil enda á að segja velkomin eftir sumarið og vonandi allir hafi átt ánægjulegt sumar, veturinn verður frábær hjá okkur á Krílabæ, ef einhverjar spurningar eða upplýsingar er hægt að veita eða tilkynna forföll vegna veikinda eða leyfis má hafa samband í síma : **892-6501** (hægt er að senda SMS) eða tölvupóstfangið okkar : tara@raufarhafnarskoli.is og aldis@raufarhafnarskoli.is .

Kveðja Tara og Aldís

